

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 334/2010

2011/EES/29/09

frá 22. apríl 2010

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 721/2008 að því er varðar samsetningu fóðurukefna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,
með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB)
nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾,
einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 721/2008⁽²⁾ er veitt leyfi fyrir blöndu bakteríunnar *Paracoccus carotinifaciens*, sem er auðug af rauðu karótenóíði, sem fóðurukefni fyrir lax og urriða til 15. ágúst 2018. Þessu aukefni er skipað í flokkinn „skynræn aukefni“ og virka hópinn „a ii) litarefni: efni sem gefa matvælum úr dýraríkinu lit hafi þau verið gefin dýrunum“.
- 2) Framkvæmdastjórninni barst umsókn með beiðni um breytingu á skilmálum leyfisins að því er varðar samsetningu fóðurukefnisins. Umsókninni fylgdu viðeigandi gögn henni til stuðnings. Framkvæmdastjórnin framsendi umsóknina til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“).
- 3) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá janúar 2010 að umbeðin breyting myndi ekki hafa áhrif á öryggi og verkun vörunnar⁽³⁾.
- 4) Mat á breyttu efnaþöndunni sýnir að hún uppfyllir skilyrðin fyrir leyfinu sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

5) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 721/2008 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í viðauka við reglugerð (EB) nr. 721/2008, í þriðja dálki, „Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð“,

komi orðin:

„— 7-15 g/kg adónírúbíns

— 1-5 g/kg kantaxantíns“

í stað orðanna:

„— 10-15 g/kg adónírúbíns

— 3-5 g/kg kantaxantíns“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. apríl 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 102, 23.4.2010, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/2011 frá 1. apríl 2011 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.⁽²⁾ Stjtið. ESB L 198, 26.7.2008, bls. 23.⁽³⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2010) 8 (1), 1428.